MENNTASKÓLINN AÐ LAUGARVATNI | manngildi, þekking, atorka

114. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í Nónhóli, kennslustofu ML, föstudaginn 30. október 2026 kl. 13:00

Fundinn sátu: Fulltrúar í skólanefnd; Sigrún Jónsdóttir, formaður (var á Teams), Elías Bergmann Jóhannsson, Eydís Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson og Daði Geir Samúelsson (var á Teams).

Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Ragnheiður Bjarnadóttir fjármálastjóri, Freyja Rós Haraldsdóttir gæðastjóri, Aðalheiður Sif Guðjónsdóttir (fulltrúi nemenda), Elva Rún Pétursdóttir (fulltrúi kennara) Anna Kristín Guðjónsdóttir (fulltrúi foreldra) og Hildur Hálfdanardóttir sem ritaði fundargerð.

Boðuð forföll: Áslaug Harðardóttir og Inger Erla Thomsen

Dagskrá:

1. Mötuneyti ML
2. Sjálfsmatsskýrsla ML 2025-2026
3. Framtíðarsýn ML_umfjöllun
4. Önnur mál

Formaður setur fundinn.

1. Mötuneyti ML

Ragnheiður Bjarnadóttir fer yfir ársreikning Mötuneytis ML 2025-2026. Reksturinn gengur þokkalega þrátt fyrir linnulausar hráefnishækkanir undanfarin misseri. Ársreikningurinn verður birtur á heimasíðu skólans á næstu dögum. Skólanefnd fór yfir tillögur að hækkunum áramót og var niðurstaðan sú að hækka um 2,5% um áramótin og halda þannig í sömu línu og aðrir opinberir aðilar. Hækkun samþykkt samhljóða

2. Sjálfsmatsskýrsla ML 2025-2026

Freyja Rós Haraldsdóttir er formaður sjálfsmatsnefndar ML og fer yfir sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2025-2026. Áætlun um kannanir sem hluta af sjálfsmati skólans er að finna í sjálfsmatsskýrslunni og verður könnun til nemenda um heimavist og félagslíf send út á

næstunni.
Sem hluti af viðbragði við niðurstöðum ytra mats standa yfir breytingar á framkvæmd áfangamats í ML sem hefjast haustönn 2026. Einnig verða gerðar breytingar á fyrirkomulagi starfsmannasamtala og nýjar áherslur í starfendarannsóknum.
Freyja fór almennt yfir niðurstöðu skýrslunnar sem er í formi yfirlits yfir það sem fram fer í sjálfsmatsmálum innan skólans. Skýrsluna er hægt að nálgast á heimasíðu skólans en skólanefndarfólk fékk sent eintak af henni fyrir fundinn.

3. Framtíðarsýn ML

Jóna Katrín fer yfir útfærslu vinnuhópa og skipulags við þankahríð í tengslum við framtíðarsýn skólans sem er í vinnslu veturinn 26-27. Vinna er hafin, fyrsti vinnufundurinn var með kennurum og starfsfólki skólans, stefnt er að vinnufundi með fulltrúum nemenda á næstunni og vinnufundur með skólanefnd verður á dagskrá í desember.

Önnur mál

a) Jóna Katrín vekur máls á málefnum Foreldrafélags ML við fulltrúa foreldra í skólanefnd; Önnu Kristínu Guðjónsdóttur.
b) Jóna Katrín sendi SASS erindi um ML og vill kynna þeim skólann.
c) Samstarf bókasafns ML og Bláskógabyggðar byrjar vel.
d) Kynningardagur ML og Blítt og Létt söngvakeppnin var haldin 29.október. ML fékk hrós frá kennara sem kom með nemendur á daginn um hvað vel var staðið að öllu og hvað það var jákvætt og gott andrúmsloft.

Fundargerð verður send til rafrænnar undirritunar

Fundi slitið kl. 14:56 Fundargerð ritaði Hildur Hálfdanardóttir